

---

## UMHVERFIS OG LOFTLAGSSTEFNA

---

### Tilgangur og umfang

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur umhverfis og loftlagsmál í stefnu sinni sinni og leggur áherslu á þau í daglegu starfi og rekstri safnsins. Markmiðið með stefnunni er að starfsemi safnsins hafi sem minnst neikvæð umhverfisáhrif, að verðmæti séu endurnýtt eftir því sem kostur er og að sóun sé sem minnst. Umhverfis- og loftlagsstefnan nær til allrar starfsemi safnsins og starfsfólks þess.

### Framtíðarsýn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns vill vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Safnið fylgir skuldbindingum Íslands og lögum og reglum er lúta að fyrrgreindum málum og tekur umhverfis- og loftslagsstefnan mið af stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda og verkefninu Græn skref í ríkisrekstri.

### Ábyrgð og eftirfylgni

Landsbókavörður er ábyrgur fyrir stefnunni. Framkvæmdaráð fylgist með framkvæmd hennar og ber ábyrgð á að stefnan sé rýnd á tveggja ára fresti og að markmið hennar séu uppfærð með tilliti til árangurs og þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn skilar árlega Grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar og skal það notað við endurskoðun markmiða. Starfsmenn stofnunarinnar fylgja stefnunni og hafa hana til hliðsjónar í starfi sínu. Umhverfis- og loftslagsstefnan skal birt á vefsíðu safnsins.

### Markmið

Markmið umhverfis- og loftslagsstefnu safnsins er að stuðla að því að neikvæð umhverfisáhrif af starfseminni verði í lágmarki.

- Safnið ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á stöðugildi um 20% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019.
- Safnið heldur orkunotkun í lágmarki og fylgist vel með frávikum.
- Safnið stefnir að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna alla eftirstandandi losun frá og með árinu 2021 með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2022.
- Safnið stefnir að því að uppfylla skilyrði allra 5 skrefa verkefnisins Græn skref í ríkisrekstri fyrir lok árs 2023.
- Fræðsla til starfsfólks um umhverfis- og loftlagsmál er viðvarandi.
  - Haldið er úti virku samtali og fræðslu á samskiptamiðlum safnsins.
- Haldinn verði að lágmarki einn formlegur fræðslufundur á ári fyrir starfsmenn um umhverfismál.

### Umfang

Stefnan nær til allra samgangna á vegum safnsins, þar með talið flugferða, orkunotkunar, innkaupa, nýtni efnis, úrgangsmýndunar, endurvinnsluhlutfalls og umhverfisfræðslu. Haldið er Grænt bókhald.